

Reglur Arev verðbréfafyrirtækis hf. um áreiðanleikakönnun viðskiptavina (KYC)

1. Inngangur

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðs Evrópusambandsins nr. 2005/60/EB, hinna 40 leiðbeinandi tilmæla Financial Action Task Force (FATF), hinna sérstöku leiðbeinandi tilmæla FATF sem og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 5/2014.

2. Tilvik þar sem áreiðanleikakönnun skal fara fram

Kanna skal áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini í eftirfarandi tilvikum:

- Við upphaf viðvarandi viðskiptasambands.
- Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
- Þegar grunur leikur á um peningapvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþága eða takmarkana af neinu tagi.
- Þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavin séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

3. Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin

Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal viðskiptavinur sanna á sér deili með eftirfarandi hætti:

3.1. Einstaklingar

Afla skal upplýsinga um:

Arev

- a) nafn
- b) kennitölu
- c) lögheimili viðskiptavinar
- d) símanúmer, netfang og faxnúmer þar sem það á við.
- e) fæðingarstað og þjóðerni
- f) starf, stöðu og/eða nafn á vinnuveitanda.
- g) tilgang viðskipta.

Þá skal afla upplýsinga um dvalarstað ef ætla má að hann sé annar en lögheimili.

Í upphafi viðskiptasambands skal ávallt afla undirskriftar viðskiptavinar.

Viðskiptavinur skal sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja. Gild persónuskilríki teljast skilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum, t.d. vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini. Skilríkin mega ekki vera útrunnin og skulu vera með mynd.

Til að taka af tvímæli, þá teljast greiðslukort, hvort sem þau eru með mynd af korthafa eða ekki, ekki vera fullnægjandi persónuskilríki í skilningi þessara reglna og á það jafnt við um einstaklinga og lögaðila, innlenda og erlenda.

Taka skal afrit af framvísuðum persónuskilríkjum. Í tilviki einstaklinga með erlent ríkisfang skal við upphaf samningssambands eða áður en viðskipti eiga sér stað óska eftir heimild frá ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningaþvætti til stofnunar viðskipta.

3.2. Innlendir lögaðilar

Krafist skal upplýsinga um:

- a) nafn (firmaheiti)
- b) kennitölu
- c) lögheimili
- d) starfsemi
- e) símanúmer, netfang og faxnúmer þar sem það á við
- f) lagalegt form lögaðila
- g) tilgang viðskipta

h) upplýsingar um raunverulegan eiganda.

Afla skal frumrit vottorðs úr Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Vottorðið skal ekki vera eldra en tveggja mánaða gamalt.

Einnig skal aflað upplýsinga um raunverulegan eiganda, þ.e. upplýsinga um stærstu eigendur/hluthafa, upplýsinga um stjórnarmenn og upplýsinga um markmið með starfsemi félagsins. Þá skal krafist staðfestingar á því frá lögaðilanum hverjir megi skuldbinda lögaðilann.

Meta skal hverju sinni hvort krefjast skuli afrits af samþykktum félagsins og/eða endurskoðaðra ársreikninga. Ef framangreindar upplýsingarnar fást á viðurkenndum upplýsingaveitum með beintengingu við ríkisskattstjóra skulu þær að jafnaði teljast fullnægjandi. Í sérstökum tilvikum skal meta hvort krefjast skuli frekari staðfestingar gagna frá þar til bærum opinberum aðila.

3.3. Erlendir lögaðilar

Krafist skal upplýsinga um:

- a) nafn (firmaheiti)
- b) kennitölu eða sambærilegt auðkenni
- c) lögheimili
- d) starfsemi
- e) símanúmer, netfang og faxnúmer þar sem það á við.
- f) lagalegt form lögaðila
- g) tilgang viðskiptanna

Afla skal frumrit vottorðs frá félagaskrá (e. Companies Register) í viðeigandi landi um skráningu lögaðilans (t.d. „Certificate of Incorporation“) eða staðfest endurrit þess. Vottorðið skal vera eins nýtt og unnt er en þó aldrei eldra en tveggja mánaða.

Ef skipulagsform lögaðilans er með þeim hætti að framangreind gögn eru ekki til staðar geta sambærileg gögn talist nægjanleg. Lögaðilinn skal veita upplýsingar um hvaða stjórnvald geti staðfest þau gögn sem lögð eru fram. Þar sem framlögð vottorð eru ekki auðsjáanlega frá sambærilegri stofnun og héraðs skal staðfesta gildi þeirra, t.d. hjá sendiráði viðkomandi lögaðila.

Arev

Einnig skal aflað upplýsinga um raunverulegan eiganda, þ.e. upplýsingar um stærstu eigendur/hluthafa, upplýsinga um stjórnarmenn og upplýsinga um markmið með starfsemi félagsins. Þá skal krafist staðfestingar á því frá lögaðilanum hverjir megi skuldbinda lögaðilann. Meta skal hverju sinni hvort krefjast skuli afrits af samþykktum félagsins og/eða endurskoðaðra ársreikninga.

Í sérstökum tilvikum skal meta hvort krefjast skuli frekari staðfestingar gagna frá þar til bærum opinberum aðila. Í tilviki lögaðila með erlent heimilisfesti skal við upphaf samningssambands eða áður en viðskipti eiga sér stað óska eftir heimild frá ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningabætti til stofnunar viðskipta.

3.5. Upplýsingar um prókúruhafa og umboðsmenn

Prókúruhafar lögaðila og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila gagnvart fjármálafyrirtæki, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja í samræmi við grein 3.1 hér að framan. Jafnframt skulu sömu aðilar sýna fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir.

Afla skal eiginhandararitunar prókúruhafa og þeirra sem hafa heimild til að skuldbinda lögaðilann.

4. Nánari upplýsingar sem ávallt skal afla

a) Upplýsingar um hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila:

Sá sem leitar eftir viðskiptum skal ávallt krafinn svara við því hvort hin fyrirhuguðu viðskipti hans við Arev fari fram fyrir hönd þriðja aðila (raunverulegs eiganda, sbr. skilgreiningu í grein 2.3 í reglum Arev um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka), hvort heldur sem er einstaklings eða lögaðila. Ef svo er, eða grunur leikur á að svo sé, skal viðskiptavinur krafinn upplýsinga um það hver sá aðili sé og skal í því tilviki gætt ákvæða greinar 3 varðandi það hvaða upplýsinga ber að afla um þann aðila.

b) Upplýsingar um eðli og tilgang hins fyrirhugaða viðskiptasambands:

Sá sem leitar eftir viðskiptum skal að jafnaði spurður um það hver tilgangurinn með viðskiptasambandinu sé, sem og eðli þeirra viðskipta sem fram eiga að fara fyrir milligöngu Arev.

c) Upplýsingar um uppruna fjármagns:

Sá sem leitar eftir viðskiptum skal spurður um það hver sé uppruni þeirra fjármuna sem um hendur fyrirtækisins munu fara í hinum fyrirhuguðu viðskiptum. Skulu þær

upplýsingar lagðar til grundvallar þegar metið er síðar hvort viðskipti viðskiptavinar séu eðlileg eða ekki.

d) Upplýsingar um hvort viðskiptavinur tilheyri áhættuhópi vegna stjórnáttengsla:

Einstaklingur eða forsvarsmaður lögaðila, sem búsettur er erlendis og leitar eftir viðskiptum, skal ávallt spurður um hvort hann tilheyri áhættuhópi vegna stjórnáttengsla sinna. Starfsmaður Arev, sem annast samskipti við viðkomandi, skal kanna hvort svo sé með því að nýta gagnabanka eða aðrar upplýsingaveitur sem honum eru aðgengilegar í því skyni t.d. alþjóðlega lista eða tölvukerfi Arev.

5. Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini

Að jafnaði skal staðfesta deili á viðskiptavini í samræmi við ákvæði grein 3 áður en samningssambandi er komið á. Í undantekningartilfellum og að fenginni heimild ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti má þó, í því skyni að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta, fresta því þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hættu er talin á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. reglur Arev um mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í slíkum tilvikum skal viðskiptavinur sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við. Ákvæði þessu skal beitt af varfærni og eingöngu í undantekningartilvikum.

6. Fjarsala

Sé viðskipta óskað án þess að viðskiptavinur sé viðstaddur í eigin persónu til að sanna á sér deili við upphaf viðskipta skulu gerðar auknar kröfur um upplýsingar um viðskiptavin. Sem dæmi um fjarsölu má nefna að viðskiptasambandi sé komið á milli Arev og viðskiptamanns og viðkomandi viðskiptamaður er staddur á erlendri grundu, og um er að ræða notkun rafrænna fjarskiptamiðla í viðskiptum.

Aukin upplýsingaöflun í þeim tilvikum þar sem fjarsala á sér stað felst í eftirfarandi:

a) Viðskiptavinur skal leggja fram ljósrit af gildum persónuskilríkjum sem staðfest hafa verið af lögbókanda (e. Notarius Publicus), samsvarandi handhafa opinbers valds í viðeigandi landi eða eftirlitsskyldu fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu og skal fyrirtækinu afhent frumrit af slíkri staðfestingu. Einnig er heimilt að staðfesta deili viðskiptavinar með staðfestingu frá viðurkenndum hugbúnaði sem kannar áreiðanleika skilríkja sem eru útgefin af opinberum aðila.

b) Þess er krafist að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptavinar og af reikningi sem hann hefur þegar stofnað í viðurkenndu lána- eða fjármálafyrirtæki.

c) Æskilegt er að óska eftir meðmælum frá viðskiptabanka tilvonandi viðskiptavinar í hans heimalandi (e. bank reference).

7. Viðskiptavinir sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika

Þegar aflað hefur verið fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptavinur falli undir eitt af eftirfarandi er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun:

a) Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.

b) Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.

c) Eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem til eru gerðar kröfur sambærilegar við kröfur laga nr. 64/2006, að því frátöldu að ávallt skal beita ákvæðum greinar 10.3 gagnvart slíkum aðilum.

d) Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.

e) Íslensk stjórnvöld. Hér er átt við aðila eða stofnanir sem hafa opinbert hlutverk eða verkefni, t.d. ríkisstjórn og ráðuneyti, undirstofnanir ráðuneyta og sveitarstjórnir.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun þarf ekki að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.

8. Upplýsingar frá þriðja aðila

Ekki þarf að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin áður en viðskipti hefjast ef samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika hans koma fram fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis sem hefur hlotið starfsleyfi á Íslandi eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskylds lána- eða fjármálafyrirtækis frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum nr. 64/2006.

9. Aðgerðir ef ekki reynist unnt að staðfesta deili á viðskiptavini o.fl.

Ef ekki reynist unnt að staðfesta deili á viðskiptavin sem óskar viðskipta sökum þess að aðilinn getur ekki eða vill ekki veita hinar umbeðnu upplýsingar er óheimilt að

Arev

framkvæma hin umbeðnu viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi. Þess skal jafnframt gætt að viðskiptavininum sé ekki neitað um viðskiptin, né honum á annan hátt gert viðvart um að háttsemi hans sé til skoðunar vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Skal sá starfsmaður er viðskiptin annast tilkynna um þau til ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti.

Hafi viðskiptavinur sem þegar er í viðskiptum ekki sannað á sér deili skal hann þá þegar gera það. Reynist slíkt ekki mögulegt skal bundinn endi á viðskiptasamband sem þegar hefur verið stofnað til.

10. Sérstakar kringumstæður er krefjast aukinnar varúðar:

10.1. Framkvæmd viðskipta sem kallar á aukna varúð

Sérstakrar varúðar skal gætt við athugun á viðskiptum eða fyrirhuguðum viðskiptum þar sem:

- a) Um er að ræða viðskipti með reiðufé eða handhafaviðskiptabréf (skuldabréf, víxla eða hlutabréf sem ekki eru skráð á nafn).
- b) Viðskiptin eru erlendar millifærslur. Í slíku tilfalli ber að óska eftir og halda eftir upplýsingum um það hver sendandi fjármunanna sé, hvert heimilisfang hans er, upplýsingar um fjárhæð og mynt millifærslu og upplýsingar um þá reikninga sem millifærslan fer fram um. Þess skal einnig gætt að upplýsingar þessar fylgi millifærslum og tengdum skilaboðum út alla greiðslukeðjuna, að því marki sem Arev er ætlað að annast um framkvæmd hennar.
- c) Grunur er um að hin fyrirhuguðu viðskipti tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- d) Arev efast um réttmæti eða nægjanleika þeirra upplýsinga sem fyrir hendi eru um viðskiptavin eða hin fyrirhuguðu viðskipti.
- e) Viðskipta er óskað án þess að viðskiptavinur sé á staðnum.
- f) Viðskipti þau sem óskað er eftir eru meiri háttar, þ.e. háar fjárhæðir eiga að skipta um hendur, eða þau óvenjulega flókin.
- g) Um er að ræða millibankatengsl. Í því tilviki ber að gæta þeirra sérstöku málsmeðferðarreglna sem um er fjallað í grein 10.3.
- h) Sá sem leitar viðskipta er einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Í því tilviki ber að gæta þeirra sérstöku málsmeðferðarreglna sem um er fjallað í grein 10.2.

i) Sá sem leitar viðskipta er aðili sem er búsettur eða hefur starfsemi innan þjóðríkis eða lögsögu sem þekkt er að því að framfylgja ekki eða framfylgja með ófullkomnum hætti alþjóðlegum viðmiðum og reglum um aðgerðir til að verjast peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

j) Sá sem leitar viðskipta er aðili, þ.m.t. fjármálafyrirtæki, sem þekkt er að því að fara ekki að alþjóðlegum reglum og viðmiðum um aðgerðir til að verjast peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

k) Um er að ræða nýja tækni, vörur eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar eða viðskipti sem óskað er eftir eru nafnlaus.

Með sérstakri varúð í framangreindu samhengi er átt við að kanna skuli bakgrunn og tilgang viðskiptanna að því marki sem unnt er. Krefjast skal viðbótargagna til að staðfesta deili á viðskiptavinum, viðhafa sérstakar aðgerðir til að staðreyna réttmæti gagna, krefjast þess að fyrsta greiðsla fari í gegnum reikning sem viðskiptavinurinn hefur stofnað hjá viðurkenndu fjármálafyrirtæki, krefjast þess að viðskiptavinur geri samning við fjármálafyrirtæki þess um framkvæmd þjónustunnar, eða hverja þá aðferð aðra sem þykir viðeigandi.

Þegar um þau tilvik er að ræða sem um er rætt í i- og j-liðum að framan skal gætt allra framangreindra varúðarráðstafana eftir því sem við getur átt og skulu starfsmenn tilkynna ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningþvætti um allar óvenjulegar ráðstafanir sem snerta viðskipti slíkra aðila. Jafnframt skulu starfsmenn Arev benda viðskiptavinum sínum á hættuna samfara peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði þeir þess áskynja að viðskiptavinir eigi í viðskiptum við þá aðila sem greinir í i- og j-liðum að framan.

Arev skal leitast við að forðast viðskipti við þá aðila sem greinir í i- og j-liðum að framan.

10.2. Ráðstafanir vegna einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

Einstaklingur eða forsvarsmaður lögaðila, sem búsettur er erlendis og leitar eftir viðskiptum, skal ávallt athugaður með tilliti til þess hvort hann tilheyrir áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningþvætti skal kanna þá gagnabanka eða upplýsingaveitur sem honum eru aðgengilegir í því skyni að kanna hvort viðkomandi sé einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Komi í ljós að aðili búsettur í öðru landi er leitar viðskipta tilheyrir áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla er starfsmanni Arev óheimilt að hefja viðskipti við slíkan aðila fyrr en yfirmaður viðkomandi starfsmanns og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningþvætti hafa veitt heimild sína fyrir því að viðskiptin fari fram.

Arev

Breytist staða viðskiptavinar eftir að hann hefur verið tekinn í viðskipti þannig að hann teljist einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sinna skal einnig leitað samþykkis næsta yfirmanns og samþykkis ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti áður en viðskiptasambandi er haldið áfram. Sannreyna skal uppruna fjármuna sem notaðir eru í viðskiptunum og viðhafa aukið varanlegt eftirlit með þeim.

10.3. Ráðstafanir varðandi millibankaviðskipti

Komi til þess að Arev komi að millibankatengslum eða svipuðum viðskiptatengslum við erlend fjármálafyrirtæki, jafnt utan sem innan Evrópska efnahagssvæðisins, er komið á, skal Arev afla eftirtalinna upplýsinga um hið erlenda fjármálafyrirtæki:

a) Upplýsinga um eðli rekstrar þess og starfsemi.

b) Upplýsinga um það orðspor sem af fyrirtækinu fer, sem og upplýsinga um hæfi stjórnenda þess, m.a. með hliðsjón af því hvort fyrirtækið hafi sætt rannsókn vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða annarrar rannsóknar af hálfu opinberra aðila.

c) Hvort og í hverjum mæli fyrirtækið hafi gert ráðstafanir til að verjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

d) Upplýsingar varðandi það hvaða ráðstafanir fyrirtækið hefur gert til að staðfesta deili á þeim aðilum sem hafa beinan aðgang að greiðslustreymisreikningum fyrirtækisins (e. payable through accounts), þ.e. reikningum í eigu fjármálafyrirtækisins sem notaðir eru beint af þriðja aðila til að framkvæma viðskipti fyrir eigin reikning. Ef um slíkan aðgang þriðju aðila er að ræða skal óskað fullnægjandi upplýsinga skv. grein 3 um þá aðila.

Sömuleiðis væri starfsmönnum Arev þá óheimilt að framkvæma viðskipti af þeim toga sem lýst er í grein þessari fyrr en yfirmaður viðkomandi starfsmanns og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hafa veitt heimild sína fyrir því að viðskiptin fari fram. Slík heimild skal ekki veitt fyrr en fullnægjandi upplýsingar um framangreind efni liggja fyrir og gengið hefur verið úr skugga um að þær ráðstafanir sem gagnaðili hefur gert til að verjast peningaþvætti séu fullnægjandi miðað við þær kröfur sem almennt má gera til fjármálafyrirtækja. Teljist ráðstafanir þessar vera ófullnægjandi ber að synja um viðskiptin.

Að slíku samþykki fengnu, en áður en viðskipti hefjast skal gengið frá því með skriflegum hætti hverjar skyldur hvors samningsaðila varðandi ráðstafanir til að verjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skulu vera varðandi samningssambandið.

10.4. Ráðstafanir varðandi bandaríska aðila sem fjárfesta í bandarískum verðbréfum

Bandarískir aðilar sem fjárfesta í bandarískum verðbréfum skulu, auk þess að sanna á sér deili skv. framangreindu, fylla út þau gögn sem krafist er af bandarískum stjórnvöldum.

11. Um virkt eftirlit á meðan á samningssambandi stendur

Á meðan á samningssambandi viðskiptavinar við Arev stendur skulu viðskipti hans sæta reglubundnu eftirliti í því skyni að kanna hvort viðskiptin samrýmist þeim upplýsingum sem veittar voru um viðskiptavin og starfsemi hans er viðskiptasambandið hófst. Gæta skal að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavin á hverjum tíma séu réttar.

Kanna skal áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini að nýju skv. þeim reglum sem mælt er fyrir um í

grein 3 þegar eftirfarandi á við:

- a) Viðskiptavinur óskar eftir framkvæmd viðskipta sem teljast vera óvenjuleg eða meiriháttar þegar litið er til viðskiptasögu hans.
- b) Verulegar breytingar verða á þeim upplýsingum sem fyrir liggja um viðskiptavin.
- c) Verulegar breytingar verða á því hvernig reikningar viðskiptavinar eru notaðir eða á viðskiptaháttum hans að öðru leyti.
- d) Arev verður þess áskynja að gögn um viðskiptavin eru ófullnægjandi.
- e) Arev verður þess áskynja að viðskiptavinur telst einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnámálalegra tengsla, sbr. grein 10.2. Undir slíkum kringumstæðum ber þegar í stað að hætta viðskiptum við hann þar til ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hefur fallist á að hefja viðskipti við hann að nýju. Skal í þessum efnum fylgt ákvæðum greinar 10.2 að því marki sem við getur átt.

Arev skal ennfremur, meðan á samningssambandi við viðskiptavin stendur, gæta sérstaklega að öllum flóknum eða óvenjulega stórum viðskiptum hans, sem og öllum óvenjulegum viðskiptamynstrum, sem hafa hvorki auðsjáanlegan fjárhagslegan eða lögmætan tilgang. Ber í öllum tilfellum að kanna sérstaklega kringumstæður, bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er og ber að taka niðurstöður þeirrar rannsóknar saman í skriflega skýrslu sem geyma skal í fimm ár ásamt þeim gögnum sem að viðskiptunum lúta. Telji ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti ástæðu til aðgerða í kjölfar slíkrar rannsóknar skal fylgt ákvæðum grein 7 í reglum Arev um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

12. Um varðveislu upplýsinga

Arev skal:

I. varðveita afrit af persónuskilríkjum og opinberum gögnum auk annarra upplýsinga um viðskiptavin sem safnað er í a.m.k. fimm ár frá því að tilfallandi viðskiptum eða varanlegu viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað. Gögnin skulu vera á því formi að þau séu aðgengileg yfirvöldum sé þess óskað.

II. gæta þess að varðveitt gögn séu nægjanleg til að yfirvöldum sé unnt að gera sér grein fyrir því hvernig einstök viðskipti voru framkvæmd og hafa skal í huga í því sambandi að hugsanlega gæti þurft að nota þau sem sönnunargögn í refsimáli. Þau gögn og upplýsingar sem þannig þarf að varðveita eru að lágmarki:

- a) Nafn viðskiptavinar og heimilisfang, sem og nöfn þeirra prókúruhafa og umboðsmanna sem að viðskiptunum komu ef um lögaðila er að ræða.
- b) Kennitala og aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.
- c) Upplýsingar um tegund og eðli viðskiptanna.
- d) Upplýsingar um fjárhæðir viðskiptanna og þá mynt sem viðskiptin fóru fram í.
- e) Upplýsingar um það hvaða reikningar voru notaðir við viðskiptin.
- f) Tímamark viðskipta.
- g) Nafn móttakanda fjármuna ef það á við

13. Afleiðingar þess að reglum þessum er ekki fylgt

Vanræki Arev í starfsemi sinni, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, sbr. ákvæði reglna um áreiðanleikakönnun viðskiptavina og ákvæði reglna þessara ákvæði reglna Arev um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða sé vanrækt af hálfu Arev að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem kveðið er á um í reglum þessum og lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða reglugerða settra á grundvelli þeirra, skal Arev sæta sektum, sbr. 27. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ef til þess kæmi að brot væri framið á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Arev, og í þágu Arev, má gera Arev sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrrisvarsmann eða starfsmann Arev, sbr. 3. mgr. 27.

Arev

gr. laganna. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður Arev gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera Arev sekt ef brotið var í þágu Arev.

14. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi að fenginni undirritun stjórnar. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur um áreiðanleikakönnun viðskiptavina (KYC) frá árinu 2015.

Samþykkt af stjórn 11. febrúar 2016.